líf og list



Umsjón: Magdalena Schram

„ÞETTA HLÝTUR AÐ VERA ÍSLENSKT POPP"

Ný plata frá Þursaflokknum

„Fyrst við á annað borð erum að burðast við að búa á Íslandi og vera Íslendingar, þá finnst mér það eigi að styrkja og virkja það sem íslenskt er", sagði Egill „Þurs" Ólafsson og var það endahnúturinn á mikla umræðu um fjárhagsmál popptónlistarmanna og plötuútgáfu.

Staðurinn var heima hjá Agli á blaðamannafundi í tilefni nýju plötu Þursanna, „Þursaflokkurinn á hljómleikum". Sem dæmi um þann „stuðning", sem plötugerðarfólk fær, hafði verið nefnt, að tvær fyrri plötur Þursaflokksins hafa selt fyrir um 79 milljónir á núverandi verðlagi í heildsölu. Og af því eru beinir skattar, t.d. söluskatturinn alræmdi, og tollar um 16 milljónir — fyrir utan óbeina skatta. „Hvers vegna lúta plötur ekki sömu reglum og bækur hvað varðar skatta — eða hvers vegna má ekki nota söluskattinn til styrktar frekari plötuútgáfu, líkt og gert er í kvikmyndaiðnaðinum? Hvers vegna kaupir sjónvarpið útlent popp í stað þess að láta gera þætti með íslenskum tónlistarmönnum? Halda þeir að ekki sé nein eftirspurn eftir Íslendingum? Hvers vegna er ekki rekin menningarstefna sem bragð er að af sjónvarpi og útvarpi?" Þannig dundu spurningarnar hver af annarri og ljóst að mikill hugur var í mönnum að fá sína hagi leiðrétta.

Hljómleikaplatan

Nýja plata Þursaflokksins var hljóðrituð á tónleikunum í Þjóðleikhúsinu þ. 19. maí s.l. en þeir tónleikar voru lokapunkturinn á hringferð þursanna um landið og gera þeir ráð fyrir að tæplega 7000 manns hafi komið á alla tónleikana. Auðheyrt er af plötunni að mikið stuð hefur verið í Þjóðleikhúsinu og hefur hún eflaust mikið gildi fyrir þá, sem þar voru, auk þess sem þeim mörgu, sem voru fjarri góðu gamni þetta kvöld, eiga þess nú kost að lifa sig inn í stemmninguna. Enn halda þeir þursar áfram að spila popp „byggt á íslenskum" grunni, sækja bæði lög og texta langt aftur í söguna en eru þó einatt að færa út kvíarnar og semja sjálfir. „En við erum auðvitað markeraðir af því sem við byrjuðum á", sagði Þórður, en þeir félagar unnu t.d. mikið úr lagasafni Bjarna Þorsteinssonar til að byrja með. „Og við munum halda áfram að reyna að skapa íslenska popphefð — einhvern tímann á einhver eftir að hlusta á plötu í útlöndum og hugsa með sér, þetta hlýtur að vera íslenskt" var bætt við.

Söngleikurinn um Gretti


Á nýju plötunni eru mörg vinsælustu lög þeirra félaga ásamt nýju efni. Upptökuna annaðist Hljóðriti h.f., plötuumslag gerði Grétar Reynisson og útgefandi er Fálkinn h.f.

Í haust tekur hljómsveitin aftur til starfa og er eitt af fyrstu verkefnunum söngleikurinn um Gretti („Gretti sig og brosti Ásmundsson"), sem verður sýndur í Austurbæjarbíói í vetur. Höfundur textanna er einkum Þórarinn Eldjárn, en Stefán Baldursson mun leikstýra. Ms

Björn Birnir opnar í dag

Í dag opnar ný sýning að Kjarvalsstöðum. Það er Björn Birnir, sem heldur nú sína aðra einkasýningu, sú fyrri var árið 1977 í Norræna húsinu.

Björn Birnir var við nám í Myndlistardeild Handíða- og Myndlistarskólans og lauk þaðan teiknikennaraprófi árið 1952. Hann starfaði sem kennari en hélt svo til frekara náms erlendis og lauk prófi frá Bandaríkjunum árið 1979.



Björn Birnir vinnur að uppsetningu myndar sinna að Kjarvalsstöðum. Ljósm. Einar.

Í veglegri skrá um sýninguna, sem opnar í dag, skrifar fyrrverandi kennari Björns. Charles L. Reddinton, prófessor í myndlist við háskólann í Indiana, Bandaríkjunum, um myndir nemanda og vinar á þessa leið:

„Til þess að skilja hin nýju áhrif bandarísks landslags í málverkum Björns, er mikilvægt að skilja myndræn einkenni þessa hluta Bandaríkjanna, miðvesturríkjanna. Umhverfi af því tagi er sannarlega til þess fallið að vekja heimþrá hjá þeim, sem áður hefur búið við sjó. Björn var engin undantekning. Hann notaði þessar andstæður til þess að ummynda sléttuna í viðfeðma íslenska Paradís.

Þrátt fyrir mikla beitingu síendurtekinna flata, hafa litirnir alltaf haldist íslenskir. Þessir mildu, hægu tónar, sem ég skynja sem Ísland, skiptast skarpt á við láréttar línur og endrum og eins ákveðnar skálínur — einmitt stefið úr málverkum frá Indíana.

Fram kemur meistaraleg tilfinning fyrir lofti, andblæ, birtu og öruggt taumhald listamannsins".

Sýningin opnuð, eins og áður sagði, að Kjarvalsstöðum í dag. Ms



Þröngt mega sáttir þursar sitja: Karl, Lárus, Egill, Ásgeir, Tómas og Þórður.

Týnda teskeiðin er í Finnlandi!

Þessa dagana stendur yfir Norræn leiklistarhátíð áhugamanna í Aabo í Finnlandi. Að þessu sinni varð sýning Leikfélags Sauðárkróks á Týndu teskeiðinni, leikriti Kjartans Ragnarssonar undir leikstjórn Ásdísar Skúladóttur valin sem fulltrúi Íslands á sviðið.

Leiklistarhátíðin er haldin að tilstuðlan Nordisk Amatör Theaterraad, en Finnar tóku nú að sér framkvæmd hennar. Þetta er fyrsta hátíðin af þessu tagi og er hún að hluta til kostuð af norræna menningarmálasjóðnum og finnska menntamálaráðuneytinu.

Einum leikhópi frá hverju Norðurlandanna er gefinn kostur á þátttöku. Íslenski hópurinn var valinn af tveggja manna dómnefnd, þeim Pétri Einarssyni, skólastjóra Leiklistarskóla Íslands og Stefáni Baldurssyni, leikstjóra. Hátíðin fer fram á tveimur stöðum í Aabo, Sænska leikhúsinu og Stúdentaleikhúsinu og verður Týnda teskeiðin opnunarsýning hátíðarinnar í því fyrrnefnda. Leikfélagi Sauðárkróks hefur einnig verið boðið að sýna leikritið í Esbo, sem er vinabær Sauðárkróks, og í Helsinki.

Núverandi formaður Nordisk Amatör Teaterraad (NAR) er Helga Hjörvar, sem er formaður Bandalags íslenskra leikfélaga, en fulltrúi Íslands í stjórn NAR er Einar Njálsson. ms

Hver vill sýna málverk?

Skilafrestur vegna Haustsýningar FÍM rennur út 19. september

Eins og áður hefur verið skýrt frá hér í blaðinu, opnar Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna þ. 27. september að Kjarvalsstöðum. Þessi sýning er árviss atburður í myndlistarlífi borgarinnar, en markmið haustsýninganna er að kynna ný verk félaga og jafnframt að gefa öðrum kost á að koma myndum sínum á framfæri.

Samkvæmt venju er öllum, sem fást við myndlist, heimilt að senda myndir til dómnefndar, 5-10 verk, og á þetta jafnt við félagsmenn sem utanfélagsmenn. Þátttökugjald er kr. 10.000 fyrir þá fyrrnefndu, en 15.000 fyrir þá síðarnefndu.

Dómnefnd, sem jafnframt er sýningarnefnd FÍM, skipa eftirtaldir: Örn Þorsteinsson, Gunnlaugur Stefán Gíslason, Hringur Jóhannesson, Snorri Sveinn Friðriksson, Björgvin Haraldsson, Magnús Kjartansson, Guðbergur Auðunsson, Jónína Guðnadóttir og Helgi Gíslason.

Tekið verður á móti innsendum verkum þeirra sem hyggjast sýna, föstudaginn 19. september kl. 17-20.




Tveir úr sýningarnefnd FÍM: Örn Þorsteinsson og Magnús Kjartansson.

Fimm útvaldir

Á þessari haustsýningu verður höfð á sú nýjung að bjóða fimm myndlistarmönnum að mynda kjarna sýningarinnar. Þessir fimm munu þá eiga fleiri myndir á sýningunni en tíðkast venjulega og list þeirra gerð náin skil. Mér lék hugur á að vita hverjir þessir fimm útvöldu yrðu, og spurði Örn Þorsteinsson, en hann sagði sýningarnefnd hafa komið sér saman um að halda því leyndu þar til nær drægi að sýningartíma.

Í tilkynningu FÍM um sýninguna segir enn fremur að auk skrár, verði gefin út kort í tengslum við sýninguna, sem verða til sölu að Kjarvalsstöðum.



Frá uppfærslu Þjóðleikhússins á leikriti Kjartans Ragnarssonar, Týndu teskeiðinni.